

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 230/2016

2018/EES/56/15

frá 2. desember 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/854 frá 30. maí 2016 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/862 frá 31. maí 2016 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzzp (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012):

„– **32016 R 0854:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/854 frá 30. maí 2016 (Stjtið. ESB L 142, 31.5.2016, bls. 5).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 111. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/372):

„112. **32016 R 0854:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/854 frá 30. maí 2016 um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 (Stjtið. ESB L 142, 31.5.2015, bls. 5).

113. **32016 R 0862:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/862 frá 31. maí 2016 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 144, 1.6.2016, bls. 24).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2016/854 og (ESB) 2016/862, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 142, 31.5.2016, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 144, 1.6.2016, bls. 24.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.